

4. mars 2016

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar – desember 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuðurinn var jákvæður um 30,4 ma.kr. og nokkuð betri en gert hafði verið ráð fyrir. Innheimtar tekjur jukust um 10,4 ma.kr. milli ára en móti jukust greidd gjöld um 16,2 ma.kr. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um tæpa 17 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á tæplega 81 ma.kr. 2014. Leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var í lok ársins 2014 og kom til greiðslu í ársbyrjun 2015 skýrir þennan mun að mestu.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar–desember 2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	544.271	665.819	676.185
Greidd gjöld	570.840	629.498	645.750
Tekjujöfnuður	-26.569	36.321	30.435
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	12.716	44.302	-13.622
Handbært fé frá rekstri	-13.853	80.623	16.813
Fjárfestingahreyfingar	-18.810	-5.234	26.110
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-32.663	75.389	42.923
Afborganir lána	-98.083	-168.003	-216.319
Innanlands	-93.186	-57.600	-107.723
Erlendis	-4.897	-110.403	-108.597
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-130.746	-92.614	-173.396
Lántökur	83.424	182.486	60.359
Innanlands	83.424	66.048	60.359
Erlendis	0	116.438	0
Breyting á handbæru fé	-47.322	89.872	-113.037

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 676,2 ma.kr. árið 2015 sem er 1,6% aukning frá fyrra ári. Tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2015 hljóðaði upp á 630,2 ma.kr. en í fjárukalögum var upphæðin hækkuð í 671,6 ma.kr. og eru innheimtar tekjur því 4,6 ma.kr. yfir áætlun. Skatttekjur og tryggingagjöld sem eru stærstu tekjuliðir ríkissjóðs voru samtals 612,2 ma.kr. á árinu, sem jafngildir 90% af innheimtum tekjum í heild. Í tekjuáætlun fjárukalaga voru áætlaðir 606,9 ma.kr. og niðurstaðan því tæplega 1% yfir áætlun. Í umfjölluninni um frávik innheimtra tekna frá áætlun verður miðað við tekjuáætlun fjárukalaga nema annað sé tekið fram.

Skattar á tekjur og hagnað voru tæplega 228 ma.kr. sem er 5,3% aukning frá fyrra ári. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 7,9% milli ára og nam 126,8 ma.kr. Tekjuskattur lögaðila dróst hinsvegar saman milli ára og var alls 62,9 ma.kr. Um er að ræða 4,5% samdrátt sem skýrist aðallega af minni tekjum af sérstökum fjársýsluskatti, en hann fellur undir tekjuskatt lögaðila og nam 5,8 ma.kr. árið 2015 samanborið við 13 ma.kr. árið á undan.

Fjármagnstekjuskattur jókst talsvert frá fyrra ári og nam rúmlega 38 ma.kr. Þar af greiddi ríkissjóður 8 ma.kr. í fjármagnstekjuskatt en þessi háa fjárhæð skýrist af arðgreiðslu Landsbanka Íslands, en greiddur



fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7 ma.kr. Ef aðeins er talinn sá hluti sem aðrir en ríkissjóður greiddu, þ.e. einkum einstaklingar, nam fjármagnstekjuskattur 30,2 ma.kr sem er 17% aukning frá fyrra ári og skýrist hún aðallega af auknum tekjum af arði og söluhagnaði.

Eignarskattar námu alls 9,4 ma.kr og voru tæplega 8% yfir áætlun. Eignarskattar drógust töluvert saman á milli ára og er meginástæðan fyrir því niðurfelling auðlegðarskatts 1. janúar 2015. Stærsti einstaki liður eignarskatta, stimpilgjöld, námu alls 4,3 ma.kr. sem er 25% aukning frá fyrra ári. Þessi mikla aukning liggur að miklu leyti í vaxandi umsvifum á fasteignamarkaði. Erfðafjárskattur sem fellur einnig undir eignarskatta nam alls 2,8 ma.kr. sem er 17% aukning frá árinu á undan.

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember 2013–2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	489.049	584.126	612.227	5,4	19,4	4,8
Skattar á tekjur og hagnað	170.867	216.448	227.992	8,8	26,7	5,3
Tekjuskattur einstaklinga	109.519	117.556	126.813	7,8	7,3	7,9
Tekjuskattur lögaðila	40.453	65.888	62.931	6,2	62,9	-4,5
Skattur á fjármagnstekjur	20.895	33.003	38.249	20,0	57,9	15,9
Eignarskattar	15.747	17.265	9.417	4,3	9,6	-45,5
Skattar á vöru og þjónustu	212.084	223.403	244.503	4,0	5,3	9,4
Virðisaukaskattur	141.926	152.019	172.825	4,8	7,1	13,7
Vörugjöld af ökutækjum	4.329	4.924	6.977	3,4	13,8	41,7
Vörugjöld af bensíni	11.533	11.586	11.922	-3,5	0,5	2,9
Skattar á olíu	7.136	7.514	8.124	3,5	5,3	8,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	17.249	18.117	18.649	5,0	5,0	2,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	29.911	29.243	26.006	3,0	-2,2	-11,1
Tollar og aðflutningsgjöld	5.595	6.125	5.744	-26,8	9,5	-6,2
Aðrir skattar	16.272	48.389	46.649	11,0	197,4	-3,6
Tryggingagjöld	68.485	72.497	77.922	4,8	5,9	7,5
Fjáframlög	985	1.074	1.047	-41,3	9,1	-2,5
Aðrar tekjur	53.483	79.192	62.451	37,9	48,1	-21,1
Sala eigna	754	1.427	460	-	-	-
Tekjur alls	544.271	665.819	676.185	7,6	22,3	1,6

Skattar á vöru og þjónustu voru alls 244,5 ma.kr. sem er 9,4% aukning frá fyrra ári. Innheimtan var meiri en áætlað var í fjárukalögum og var 4,1 ma.kr. yfir áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta, var 172,8 ma.kr. á árinu og 3,3 ma.kr. yfir áætlun. Tekjur af virðisaukaskatti jukust um 13,7% milli ára sem er tæplega 12% raunaukning ef tekið er tillit til 1,6% verðbólgu. Þetta er töluvert umfram vöxt einkaneyslu sem Hagstofan áætlað að hafi verið 4,7%. Þessa miklu aukningu á tekjum af virðisaukaskatti má rekja til aukinna umsvifa á ýmsum sviðum, ekki síst í gisti- og veitingaþjónustu vegna fjölgunar ferðamanna. Nú er eitt ár liðið síðan almennt skattþrep virðisaukaskattsins var lækkað úr 25,5% í



24% og neðra þrepið hækkað samhliða úr 7% í 11%. Gisti- og veitingaþjónusta er skattlögð í neðra þrepinu og því má ætla að tekjuauki af hækkun þrepsins hafi orðið meiri en áætlað var í fyrstu.

Vörugjöld af ökutækjum voru um 7 ma.kr. og jukust um 41,7% frá fyrra ári. Þessi mikla aukning skýrist af fjölgun á innfluttum bifreiðum, en meðalvörugjald á hverja bifreið hefur farið lækkandi þar sem koltvísyringslosun er að jafnaði minni en áður. Eldsneytisgjöld voru samanlagt í samræmi við áætlun. Þar af námu vörugjöld af bensíni 11,9 ma.kr., olúgjald 8,1 ma.kr. og kolefnisgjald skilaði ríkissjóði 3,3 ma.kr. tekjum á árinu 2015.

Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi voru á áætlun og námu samanlagt 18,6 ma.kr. sem er 2,9% aukning frá fyrra ári. Þar af námu tekjur af áfengisgjaldi 12,8 ma.kr. og var heildaráfengissala á árinu mæld í vínanda 2,2% meiri en í fyrra. Tekjur af tóbaksgjaldi voru 5,9 ma.kr. og dróst sala á vindlingum saman um 1,9% á milli ára.

Innheimta tolla og annarra aðflutningsgjalda var samkvæmt áætlun og nam 5,7 ma.kr. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum drógust saman um 6,2% milli ára og megin ástæðan fyrir því er fríverslunarsamningur sem gerður var á milli Íslands og Kína um mitt ár 2014.

Aðrir skattar drógust saman um 3,6% milli ára og voru tæplega 47 ma.kr. Þar af námu launaskattar 6,7 ma.kr., gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1,9 ma.kr. og útvarpsgjald 3,9 ma.kr. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, oft nefndur bankaskattur, var 33,7 ma.kr.

Tekjur af tryggingagjöldum voru alls 77,9 ma.kr. og jukust um 7,5% milli ára. Þar af nam almenna tryggingagjaldið 54,9 ma.kr. og atvinnuþryggingagjald 15 ma.kr. Aðrar tekjur en skattar voru tæpir 64 ma.kr. og þar af voru arðgreiðslur af eignarhlutum í félögum og ríkisfyrirtækjum alls 31,8 ma.kr. og veiðigjald 6,5 ma.kr. sem er í samræmi við áætlun fjárukalaga.

Greidd gjöld námu 645,7 ma.kr. og jukust um 16,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,6% sem er um 16 ma.kr. lægra en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér á eftir.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar–desember 2013–2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	65.436	76.932	76.949	-13,4	17,6	0,0
Almenn opinber þjónusta	61.198	52.170	57.796	27,8	-14,8	10,8
Almannatryggingar og velferðarmál	134.917	138.994	141.714	-1,8	3,0	2,0
Heilbrigðismál	128.990	139.524	152.721	6,7	8,2	9,5
Efnahags- og atvinnumál	60.054	64.328	84.994	7,1	7,1	32,1
Menntamál	52.282	54.073	59.071	6,8	3,4	9,2
Menningar-, íþrótt- og trúmál	18.093	18.079	19.673	12,1	-0,1	8,8
Lög- og réttargæsla	21.617	23.088	23.656	1,3	6,8	2,5
Önnur útgjöld	28.253	62.310	29.176	27,4	120,5	-53,2
Gjöld alls	570.840	629.499	645.750	4,5	10,3	2,6



Útgjöld einstakra málaflokka – frávik milli ára janúar–desember 2014–2015

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrra ári, %
	2014	2015	2015
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	4.079	4.403	7,9
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	10.530	11.139	5,8
Utanríkismál	12.046	12.392	2,9
Önnur almenn opinber þjónusta	7.991	11.010	37,8
Fjármagnskostnaður	76.932	76.949	0,0
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	17.524	18.852	7,6
Almenn opinber þjónusta	129.103	134.746	4,4
Lög- og réttargæsla	23.088	23.656	2,5
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	6.175	6.168	-0,1
Landbúnaðarmál	14.730	14.238	-3,3
Samgöngumál	26.614	28.352	6,5
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	4.561	5.524	21,1
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	35.801	18.523	-48,3
Önnur efnahags- og atvinnumál	12.248	12.190	-0,5
Efnahags- og atvinnumál	100.129	84.994	-15,1
Lyf og lækningavörur	18.528	18.936	2,2
Heilsugæsla	28.797	32.263	12,0
Sjúkrahúspjónusta	59.942	66.230	10,5
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	28.023	30.446	8,6
Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla	4.234	4.847	14,5
Heilbrigðismál	139.524	152.721	9,5
Menningarmál	8.336	9.140	9,7
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	9.743	10.533	8,1
Menningar- og félagsmál	18.079	19.673	8,8
Framhaldsskólastig	22.111	25.051	13,3
Háskólastig	27.461	29.214	6,4
Önnur menntamál	4.502	4.807	6,8
Menntamál	54.073	59.071	9,2
Örorka og fötlun	37.554	39.226	4,5
Öldrun	47.157	50.371	6,8
Fjölskyldur og börn	23.197	23.861	2,9
Atvinnuleysi	14.421	12.045	-16,5
Vaxtabætur	8.468	7.221	-14,7
Önnur trygginga- og velferðarmál	8.196	8.990	9,7
Almannatryggingar og velferðarmál	138.994	141.714	2,0
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	11.198	12.420	10,9
Fjármagnstekjuskattur	7.198	8.053	11,9
Annað	8.113	8.703	7,3
Önnur útgjöld	26.509	29.176	10,1
Gjöld alls	629.498	645.750	2,6



Þróun málaflokkanna er svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárukalög ársins auk þess sem fjárheimildastaða frá fyrra ári bætist við eða dregst frá heimildum ársins.

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 4,4% milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir og námu 111,7 ma.kr. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta af þessari upphæð eða rúmlega 60%, en hann nam 76,9 ma.kr. á tímabilinu og var nær óbreyttur frá fyrra ári. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 18,9 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,3 ma.kr. frá fyrra ári. Útgjöld vegna annarrar opinberrar þjónustu jukust um 3 ma.kr. milli ára, þar af 1,7 ma.kr. vegna fasteignakaupa og viðhalds.

Útgjöld vegna lög- og réttargæslu námu um 23,7 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 4 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 4,1 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 1,3 m.kr. og annarra lögregluembætta 3,4 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna málskostnaðar í opinberum málum og opinber réttaraðstoð nam 1,9 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla námu 1,6 ma.kr. og útgjöld Fangelismálastofnunar voru 1,5 ma.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 85 ma.kr. á tímabilinu og lækka um 15 ma.kr. milli ára í samræmi við að niðurgreiðsla vegna verðtryggðra húsnæðislána er 17,3 ma.kr. lægri en á fyrra ári líkt og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til samgöngumála námu 28,4 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og meira en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum. Útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en þau námu 23,5 ma.kr. og hækkuðu um 1,7 ma.kr. millil ára. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 14,2 ma.kr. og lækka milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu námu tæpum 11,2 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 6,2 ma.kr., útgjöld vegna rannsóknar og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 5,5 ma.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 12,2 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu tæpum 152,7 ma.kr. og jukust um 13,2 ma.kr. milli ára. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 66,2 ma.kr. samanborið við 59,9 ma.kr. 2014. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 48,1 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu rúmum 6,1 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 8,6 ma.kr. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 18,9 ma.kr. sem er aðeins umfram áætlun. Útgjöld vegna heilsugæsluþjónustu námu 32,3 ma.kr. samanborið við 28,8 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 15,1 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 5,6 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu tæpum 30,4 ma.kr. og jukust um 2,4 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 4,8 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 19,7 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála voru 9,1 ma.kr. og jukust um 10% frá fyrra ári en voru þó lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 10,5 ma.kr. þar sem helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 3,8 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 5,6 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 59,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 5 ma.kr. milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 25,1 ma.kr. og hækkuðu um tæpa 3 ma.kr. milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu 29,2 ma.kr. og jukust á milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu tæpum 14 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,3 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra menntamála um 4,87 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu rúmum 116 ma.kr. á árinu og jukust um 1,7 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu



39,2 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 50,4 ma.kr. og hækka um 3,2 ma.kr. milli ára.og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 23,9 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna fæðingarorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 12 ma.kr. samanborið við 14,4 ma.kr. í fyrra sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist með lækkun atvinnuleysis á milli ára. Útgjöld vegna annarra trygginga- og velferðarmála námu tæpum 9 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 29,2 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 26,5ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyris- skuldbindinga námu 12,4 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við 11,2 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 8,1 ma.kr. samanborið við 7,2 ma.kr. á fyrra ári.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 42,9 ma.kr. en á árinu 2014 var hann jákvæður um 75,4 ma.kr. Brúttó var lánsfjárfjöfnuðurinn neikvæður um 173,4 ma.kr. en á árinu 2014 var hann neikvæður um 92,6 ma.kr.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 216 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 107,7 ma.kr. og af erlendum lánum 108,6 ma.kr. Í lok árs greiddi ríkissjóður um 50 ma.kr. inn á skuldabréf sem gefið var út vegna eiginfjárframlags til Seðlabanka Íslands. Þá greiddi ríkissjóður upp s.k. Avens lán sem nam að eftirstöðvum 28,3 ma.kr. Í maí fyrirframgreiddi ríkissjóður lán Póllands sem veitt var í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, samtals um 7,5 ma.kr. Þá keypti ríkissjóður til baka á fyrri árshelmingi um helming af skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjadöllum frá árinu 2011, samtals um 68 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu um 60,3 ma.kr. til samanburðar við 182,5 ma.kr. árið áður. Lántökur ársins 2015 voru allt innlendar lántökur. Handbært fé ríkissjóðs dróst saman um 113 ma.kr. á síðasta ári. Bætt lausafjárstaða ríkissjóðs var nýtt til þess að greiða niður skuldir.